

Nd.

27. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna millipinganevnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að athuga og endurskoða alla landbúnaðarlöggjöf vora og gera tillögur um að samrýma hana, og ennfremur að gera tillögur um nýja löggjöf í ýmsum greinum landbúnaðarins, er miklu máli skifta, svo sem:

1. Lög fyrir Búnaðarfélag Íslands.
2. — um not á erfðafestulöndum og leigulóðum.
3. — um stofnun nýbýla og skifting jarða í því skyni.
4. Athuga, hvort ekki muni rjett að breyta lögunum um búnaðarskólana

i þá átt, að nemendum verði gert að skyldu að stunda verklegt nám í skólunum eða í sambandi við þá.

5. Endurskoða jarðræktarlögin samkv. 43. gr. nefndra laga.
6. Endurskoða lög um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884.
7. Gera tillögur um alt það, er nefndinni list geti orðið til að auka og flýta fyrir ræktun landsins og landbúnaðinum yrði til styrktar og eflingar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr rikissjóði. Útgjöld fyrir aðstoð við nefndarstörfin og til þess að útvega upplýsingar skal telja til nefndarkostnaðar.